

Ed.

124. Framhaldsgreinargerð

fyrirspurnar til ríkisstjórnarinnar í sambandi við hlutleysi Íslands og aukna ófriðarhættu.

Frá Jónasi Jónssyni.

Eftir að útvarpið hafði tekið til meðferðar vegna almennings fyrirspurn mína á þskj. 86, um aukna stríðshættu, hefur Brynjólfur Bjarnason lesið upp í efri deild, utan dagskrár, skýringar af hálfu flokks síns, er snerta efni fyrirspurnar minnar, í því skyni að koma mótmælum sínum í útvarpið. Neitar leiðtogi sósíalista hverjum einstökum lið í yfirlýsingu flokks síns, eins og frá málinu var skýrt í Þjóðviljanum 25. nóv. 1942.

Ef afneitun sósíalista á yfirlýsingu flokksins væri raunveruleg, svo að henni mætti treysta, þá gæti komið til mála, að ekki þyrfti vitnanna við, en að valdhafar landsins lýstu yfir, að Sósíalistaflokkurinn hefði tekið aftur öll þau ummæli, sem hægt var að óttast, að settu þjóðina í vanda utan lands.

En því er ekki að heilsa. Skilyrði sósíalista um utanríkismálin eru frá þeirra hálfu óhagganlegur grundvöllur í sambandi við stjórnarmyndun, þar sem sósíalistar væru þátttakendur.

1. Miðvikudaginn 25. nóv. birtir Þjóðviljinn með stærsta auglýsingalettri sínu á framhlið blaðsins þessa fyrirsögn: Skilyrði Sósíalistaflokksins fyrir þátttöku í ríkisstjórn. Síðan fylgja 16 atriði. Eitt af þeim varðar utanríkismálin. Blaðið segir, að skilyrðin hafi verið samþykkt einróma á nýafstöðnu þingi flokksins. Daginn eftir áréttar Þjóðviljinn í fleiri en einni grein, að hér sé um óhagganleg „skilyrði“ að ræða.
2. Í tíunda liðnum í þessum grundvallarkröfum sósíalista, ef þeir eigi að láta þjóðina njóta návistar þeirra í ráðherrastólunum, er tekið skýrt fram, að þjóðin eigi að taka upp ákveðna stefnu „móti fasismanum“. Ríkisstjórnin á að gefa út samúðaryfirlýsingu með Bandamönnum og stuðla að „virkri aðstoð Íslendinga við landvarnir Íslands í samvinnu við hernaðaryfirvöldin“.
- Hér duga engin mótmæli. 25. nóv. birtir flokksblað kommúnista skilyrðin fyrir þátttöku í ríkisstjórn. Og þar er bent á tvö meginatriði. Annars vegar að taka upp ákveðna stefnu gegn fasisma og síðar að taka virkan þátt í hernaðaraðgerðum með her Bandamanna á Íslandi. Samhengið er skiljanlegt. Eftir að Íslendingar hefðu byrjað að vinna móti fasisma, sem gat varla verið með öðru móti en að gefa út yfirlýsingar í anda Þjóðviljans fyrir hönd þjóðarinnar, þá gat hæglega skapast sú aðstaða þegar í stað, að Íslendingum bæri skylda til að taka virkan þátt í bardögum hér á landi.
- Öllum hlýtur að vera ljóst, að ef ný ríkisstjórn, ef til vill með utanríkisráðh. úr flokki sósíalista, var nýtekin við völdum og farin að starfa í anda „skilyrðanna“ um viðhorf til stórveldanna, þá var um leið kastað fyrir borð allri hinni fornu hlutleysispólitik. Yfirlýsing um óvináttu Íslendinga við annan stríðsaðilann hlaut að vera í einu hættuleg og bera vott um frámunalega vöntun á vitsmunum og dómgreind valdhafa í vopnlausu landi.
3. Næsta skilyrði er það, að Íslendingar endurnýi beiðni um stríðsvernd við Bretland og Bandaríkin og bæti síðan við sams konar bæn til Rússa „um öryggi Íslands og tryggingu fyrir friðhelgi þess og algerðu sjálfstæði, er friður verður saminn í styrjaldarlok“.
- Allir sjá, að það er fjarstæða frá hálfu íslenzkra stjórnarvalda að biðja England og Bandaríkin um aukna vernd nú eða við friðarsamningana, þar sem tryggir sáttmálar eru um þetta efni við stjórnir þessara stórvelda beggja. Ef ríkisstjórn Íslands byrjaði að hreyfa þessu „skilyrði“ sósíalista í London og Washington, hlýtu stjórnir þessara ríkja að telja slíka málaleitun meiri háttar ókurteisi af hálfu Íslendinga og auk þess bera vott um þekkingarleysi, sem ekki er venja að láta mikið bera á í milliríkjaskiptum. Tilgangur sósíalista með þessari kröfu gat ekki verið annar en sá að koma Íslandi í verndaraðstöðu gagnvart Rússlandi. Þegar þess er gætt, að Rússar hafa aldrei haft hér nein skipti, eru mjög fjarskyldir þjóðinni, hafa engan flota á Atlantshafi, sem nafn er gefandi, og hafa misst allt að því helminginn af landi sínu í hendur óvinveittrar herþjóðar, sem er þó hálfu fámennari heldur en sú þjóð, sem ætlazt er til, að við biðjum um vernd, þá hlýtur hverjum Íslendingi að verða ljóst, hversu vanþekking sósíalista er takmarkalaus í þessu efni sem öðrum.
4. Sósíalistar finna, að það er veila í rökleiðslu þeirra um „virkna stuðning við Bandamenn“, þar sem þeir stefndu að því að koma á verkfalli í því, sem þeir kalla nú „landvarnavinnu“. Sjálfsagt vita sósíalistar, að Rússar mundu hegna grimmi-lega hverjum þeim manni, sem egndi verkamenn til að gera vinnustöðvun við flugvallargerð, eins og stóð á fyrir Bandamönnum hér á landi. Hernaðaryfirvöldin sýndu líka í verki vanþóknun sína á þessu framferði sósíalista, m. a. með því að banna útkomu Þjóðviljans um langa stund.
5. Sósíalistar finna, að þeir hafa ekki stutt málstað Íslendinga né Bandamanna með

því að stöðva veiðiskip landsmanna og hraðfrystihúsin. Hvor tveggja stöðvunin er hermdarverk móti atvinnulífi Íslendinga, auk þess sem þessi stöðvun veldur því, að nauðsynleg verzlun fellur að mestu niður milli Íslands og Englands, til gagnkvæms tjóns fyrir báða aðilana.

Ég hef nú rakið lið fyrir lið hin fráleitu og ekki alveg hættulausu „skilyrði“ sósíalista. Hvert atriði í fyrsta rökstuðningi mínum er nú sannað með orðréttum tilvitnunum í flokkspingsályktun sósíalista, sem þeir segja, að hafi verið samþykkt einróma. Öll íslenska þjóðin hefur nú fengið vitneskju um tilgang sósíalista í utanríkis-málum. Óhætt mun að fullyrða, að allur þorri af kjósendum kommúnistaflokksins frá í haust fordæmi einum rómi það fáránlega skilyrði, sem hér hefur verið gert að umtalsefni. Sama gera að sjálfsögðu allir aðrir landsmenn. Ekki verður heldur sagt, að það vekir almennt traust meðal Íslendinga gagnvart pólitík Rússa, þegar þess er minnzt, að þeir gengu sama árið á grið og gefin heit við Finnendinga, Esta, Letta, íbúana í Lithaugalandi, Pólverja og Rúmena. Um það má segja, að sporin hræða.